

Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneytið  
Ólafur Friðriksson  
Skúlagata 4  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 02. maí 2011  
2011040012/42-9  
EÓ, TB  
jgo/tb

### Innflutningur á ránbjöllu frá Hollandi, umsögn

Vísað er í bréf frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, dags. 11. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Garðheima ehf. um leyfi til að flytja inn *Delphastus catalinae*, ránbjöllu, verslunarnafn Delphibug, til varnar gegn mjöllús í gróðurhúsum.

- *Delphastus catalinae* er úrelt heiti. Hún heitir réttu nafni *Delphastus pusillus* (LeConte, 1852).
- Tegundin er notuð víða um heim sem lífræn vörn gegn mjöllúsum, öðru nafni hvítflugum, *Trialeurodes vaporariorum* (Hemiptera, Aleyrodidae), en bæði fullorðin dýr og lírfur bjöllumnar eru sérhæfð á að éta egg mjöllúsarinnar og ungvíði að vissu marki og ekkert annað svo séð verði.
- *Delphastus pusillus* er suðræn tegund. Heimkynni hennar eru í suður- og miðríkjum Bandaríkja N-Ameríku og ná suður um Mið-Ameríku allt suður til Perú og eyja í Karíbahafi.
- Litlar sem engar líkur eru á því að *Delphastus pusillus* geti sest að í íslenskri náttúru, bæði vegna óhagstæðs loftslags, sjá m.a. kjörhitastig tegundarinnar í innsendum gögnum, og af þeirri ástæðu að mjöllýs finnast hér ekki í náttúrunni og ætti innflutningur tegundarinnar því að vera skaðlaus.
- Þó útilokað sé að *Delphastus pusillus* sem slík geti orðið til vansa ber að hafa í huga og skoða sérstaklega hvort innflutningi á henni geti fylgt óæskilegar sýkingar í formi, gerla, veira og sveppa.
- Mjöllýs finnast í gróðurhúsum hér á landi. *Delphastus pusillus* er mjög kræf til matar og til að geta fjölgað sér þarf kvenkyns bjalla að éta 200 egg á dag og alls um 10.000 á líftímanum. Þær fá því aðeins þrifist þar sem hvítflugusýking er á háu stigi.

Náttúrufræðistofnun Íslands leggst ekki gegn því að leyfður verði innflutningur á




*Delphastus pusillus* en telur að gæta verð að því að ekki berist með tegundinni aðrar lífverur eða veirur s.s. sjúkdómsvaldandi lífverur eða veirur.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

